

**Ákvörðun aflagjalds.**

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afl.

**Launafl.**

Gjaldskráin er miðuð við, að fasviksstuðull hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.8 og geta Rafmagnsveiturnar krafizt þess, að kaupandi geri ráðstafanir á sinn kostnað til úrbóta, ef þessu skilyrði er ekki fullnægt.

**Greiðsluskilmálar.**

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans, miðað við umsamið afl, og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur, sem falla í gjalddaga fyrsta hvers mánaðar eftir á. Hafi full greiðsla ekki borizt Rafmagnsveitunum 10 dögum eftir gjalddaga, reiknast 10% ársvextir á hana frá gjalddaga til greiðsludags.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynna skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

**Önnur ákvæði.**

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Verðjöfnunargjald er innifalið í verðinu en ekki söluskattur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967 og staðfestri reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 1968 til að taka gildi 1. marz 1972 og er eldri gjaldskrá úr gildi felld frá sama tíma.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. febrúar 1972.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**G J A L D S K R Á****Rafmagnsveitna ríkisins.****Smásöluverð.****I. GJALDSKRÁRLIÐIR**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**1. Lýsing.**

11. Fast gjald	.....	kr. F1	
Orkugjald	.....	—	12.30 á kWst.
12. Fast gjald	.....	— F1	+ F2
Orkugjald	.....	—	6.45 á kWst.

## 2. Notkun til heimilsparfa, búrekstrar o. fl.

21. Fast gjald .....	kr. F1 + F3
Orkugjald .....	— 3.10 á kWst.

**Markmæling:**

23. Aflgjald, lágmarksstilling 3 kW .....	— 12 000.00 á ári
Aflgjald, frá 3 til 6 kW .....	— 2 800.00 á kW á ári
Aflgjald, umfram 6 kW að hámarksafstillingu 20 kW .....	— 2 100.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	— 0.58 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu ....	— 6.45 á kWst.

## 3. Vélanotkun o. fl.

31. Fast gjald .....	kr. F1 + F2
Lágmarksgjald .....	— 48 × F1 á ári
Orkugjald .....	— 6.45 á kWst.
32. Aflgjald, lágmark 2 kW .....	— 7 170.00 á ári
Aflgjald, frá 2 til 5 kW .....	— 3 585.00 á kW á ári
Aflgjald, umfram 5 kW .....	— 3 190.00 á kW á ári
Fast gjald .....	— F1 + F3
Orkugjald .....	— 1.15 á kWst.
34. Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október:	
Aflgjald .....	— 1 060.00 á kW á ári
Fast gjald .....	— F1
Orkugjald .....	— 0.60 á kWst.

## 4. Húshitun.

41. Fast gjald .....	kr. F1 + F4
Orkugjald .....	— 1.77 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.	
42. Fast gjald, lágmark 2 kW .....	— F1 + F4
Orkugjald .....	— 0.75 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag	

**Markmæling:**

43. Fast gjald .....	— F1
Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW .....	— 9 250.00 á ári
Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksafstillingu 20 kW .....	— 1 850.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	— 0.26 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu ....	— 6.45 á kWst.
Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.	
44. Fast gjald, lágmark 2 kW .....	— F1
Orkugjald .....	— 0.47 á kWst.
Roftími allt að 15 klst. að degi til.	

## 5. Utanhússlýsing.

51. Fast gjald .....	kr. F1
Fyrir hvert götuljósker .....	— 6 × F1 á ári
Orkugjald .....	— 1.60 á kWst.
52. Fast gjald .....	— F1
Orkugjald .....	— 4.00 á kWst.

**6. Lokun fyrir veitu.**

Gjöld fyrir lokun og endurofnun á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 550.00 fyrir hvert skipti.

**II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI****1. Föst gjöld.**

F1	.....	kr.	85.00 á mánuði
F2	a) Verzlanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. . .	—	3.30 á m <sup>2</sup> á mánuði
	b) Gangar, geymslur o. þ. h. ....	—	1.70 á m <sup>2</sup> á mánuði
F3	.....	—	34.00 á gjaldein. á mán.
	Gjaldeiningar eru:		
	a) Fyrir fjölskylduheimili.		
	Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur.		
	Herbergi 5 m <sup>2</sup> eða minna reiknast hálf, en 25 m <sup>2</sup> eða stærra tvö.		
	b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 m <sup>2</sup> , mælt innan útveggja.		
	c) Fyrir útihús vegna búrekstrar.		
	Fyrstu 50 m <sup>2</sup> eða minna ein gjaldeining.		
	Hverja næstu 100 m <sup>2</sup> ein gjaldeining.		
	d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h.		
	30 m <sup>2</sup> fyrir vinnslurúm,		
	40 m <sup>2</sup> fyrir geymslurúm.		
F4	Hvert uppsett kW .....	—	280.00 á ári

**2. Mestaafismæling.**

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.

2. Gjaldskrárliður 32.

Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

**3. Véla- og tækjaálag.**

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.

Notandi greiðir herra verð fyrir raforkuna meðan fasviksstuðullinn er undir 0.8.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinninglegum truflunum, um skemmri eða lengri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka fastgjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

**4. Verð til hitunar.**

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dísilolíu í Reykjavík til olíukyndingar, kr. 3.96 hver lítri. Hitaverð lækki eða hækki hver kWst. um 2.4 aura á gjaldskrárlið 41 og 43, 1 eyri á lið 42 og 0.6 aura á lið 44 fyrir hverja 10 aura, sem olíuverðið lækkar eða hækkar.

### 5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkvæmt ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast Rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

### 6. Takmörkun á vali gjaldskárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.

Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennuafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

### III. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

Í öllum framangreindum tölum er 11% söluskattur innifalinn.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. febrúar 1972. Jafnframt er eldri gjaldskrá úr gildi felld.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. febrúar 1972.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## AUGLÝSING

**um að reglugerð um eftirlitsgjald nr. 67/1940  
skuli úr gildi falla.**

Með lögum nr. 97 28. desember 1971 um vörugjald var gengið út frá því, að niður skyldi falla innheimta matvælaeftirlitsgjalds skv. reglugerð nr. 67/1940.

Þar eð innheimta vörugjalds kemur að nokkur í stað innheimtu matvælaeftirlitsgjalds, er hér með ákveðið, að ekki skuli innheimta matvælaeftirlitsgjald frá gildistöku laga 97/1971.

Samkvæmt þessu er reglugerð nr. 67/1940 úr gildi felld frá og með 28. desember 1971.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. febrúar 1972.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*